

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 30. ágúst 2021
UST202108-012/A.Þ.
10.04.02

Efni: Lýsing – Deiliskipulag – Seiðaeldi á Laxabraut 11 í Þorlákshöfn - Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ölfuss er barst 3. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulags- og matslýsingu á deiliskipulagi fyrir seiðaeldi á Laxabraut 11 í Þorlákshöfn, Ölfusi.

Í greinargerð kemur fram að á lóðinni er fyrirhugað seiðaeldi og mögulega þauleldi á laxi og öðrum fisktegundum. Eldið er stækkun á núverandi eldi á aðliggjandi lóð, Laxabraut 9. Fyrirhugað er að reisa mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennislagna, ásamt lagningu vegaslóða, vinnuplana, borhola og bílastæða. Á lóðunum tveimur er ráðgert að framleiða allt að 2.500 tonn af laxi og laxaseiðum á ári.

Umhverfisstofnun vill benda á að stofnunin veitti umsagnir til Skipulagsstofnunar þann 6. nóvember og 6. ágúst árið 2020 varðandi frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar.

Núgildandi starfsleyfi á aðliggjandi lóð heimilar framleiðslu á allt að 500 tonnum af laxaseiðum á ári. Umhverfisstofnun hefur móttækið nýja umsókn um starfsleyfi frá fyrirtækinu.

Skipulagssvæði

Í greinargerð kemur fram að í stað þess að gera nýtt deiliskipulag er mögulegt að breyting verði gerð á gildandi deiliskipulagi Laxabrautar 9 þannig að það nái yfir báðar lóðirnar. Umhverfisstofnun telur að eitt deiliskipulag ætti að vera fyrir alla starfsemina og bendir á að í kafla 5.3.1. í skipulagssreglugerð nr. 90/2013 segir um afmörkun deiliskipulags: „*Deiliskipulag skal að jafnaði ná til reits eða svæða sem mynda heildstæða einingu eins og svæði með sömu landnotkun, svæði afmarkað af götum, húsaþyrpingu, svo sem á landbúnaðarsvæðum, eða annað sem gefur sameiginlegar forsendur fyrir viðkomandi deiliskipulag. Í greinargerð deiliskipulags skulu færð rök fyrir afmörkun skipulagssvæðisins. Deiliskipulagssvæði mega ekki skarast.*“

Vatnstaka

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um áætlaða vatnstöku í tillögu að deiliskipulagi. Í endanlegri matskýrslu kemur fram að vatnstaka verði 5.405 l/s.

Stofnunin bendir á að grunnvatnstaka yfir 70 l/s er háð leyfi Orkustofnunar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og tekur fram að grunnvatnshlot sem framkvæmdasvæðið tilheyrir nefnist Selvogsstraumur 3 og hefur vatnshlotanúmerið 104-290-G. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er óþekkt. Umhverfisstofnun bendir á að skoða þarf samlegðaráhrif þeirra fiskeldisstöðva sem starfa í nálægð hvert við annað. Mikilvægt er að ástand og staða grunnvatns og jarðsjávar sé vaktað svo ekki komi til ofnýtingar á auðlindinni. Æskilegt er að rekstraraðilar fiskeldisstöðvanna starfi saman með stjórnvöldum til þess að varðveita auðlindina.

Fráveita

Öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Útrás skal vera minnst 5 m niður fyrir meðalstórstraumsfjörobord eða 20 m út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um hvernig úrgangur verði meðhöndlaður. Stofnunin bendir enn fremur á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsröðum meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Stofnunin bendir á að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Bann við urðun lífbrjótanlegs úrgangs er aðgerð nr. 16 í stefnunni. Umhverfisstofnun bendir einnig á *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum* þegar fjallað er um að draga úr urðun lífræns úrgangs. Þar eru settar fram aðgerðir um bann við urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Þegar kemur að innleiðingu stefnu um hringrásarhagkerfi er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsforvarnir og hins vegar stefna um meðhöndlun úrgangs.

Stofnunin minnir á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldisins er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fóðurleifa sem mikilvægt er að finna leiðir fyrir til endurnýtingar fremur en förgunar. Stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefnis úr frárennslis í stað förgunar.¹

Sérstök vernd

Í greinargerð kemur fram að hraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þekur allt skipulagssvæðið. Þá segir að yfirborðið sé fremur slétt og ósprungið sandorpið hraun og gróðurþekja fremur lítil.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina alla, nema brýna

¹ http://www.umhverfisstofnun.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%C3%B0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf

nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að þó svo að hraun sé útbreitt í sveitarfélaginu og að hluta til raskað réttlætir það ekki frekara rask á hrauni sem fellur undir ákvæði laganna.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hrauns sbr. 61. gr. laganna og hvaða valkostir séu skoðaðir. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér rask á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Rökstyðja þarf allar ákvarðanir er varða rask á svæðum sem njóta sérstakrar verndar og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhugðum mótvægisáðgerðum sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6 mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Þá má einnig geta þess að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. sömu greinar að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að við valkostagreiningu sé verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. hrauntraða og hraunfláka. Þrátt fyrir að hraunið sé sandorpið og hafi tapað þeim eiginleikum sem mynda verndargildi þess að einhverju leyti er mikilvægt í ákveðnum tilfellum að vernda jarðsögulega eiginleika eða eiginleika þess gróðurs sem vex á svæðinu sbr. frumvarp til laga um náttúruvernd.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í greinargerð komi fram hvaða áhrif framkvæmdin hafi á jarðmyndanir svæðisins og hvað verði gert til að koma í veg fyrir óafturkræft rask á hrauni með hátt verndargildi.

Ásýnd mannvirkja

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal þess gætt við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis. Við litaval veggflata og ákvörðun um hæð bygginga skal taka tillit til ásýndar.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur